

# Finndu og ræktaðu hæfileika þína

## GEDORDIN 10

Grein 9

Greinin er níunda greinin af tíu greinaröð jafn margra úrræða og/ða félaga á geðheilbrigðisviðinu á höfuðborgarsvæðinu um Gedordin 10.

Hlutverkasetur er starfsenduræfingar- og virknimiðstöð. Fólk emur til að auka lífsgæði sín, brjótast út úr einangrun, halda sér írku eða undirbúa sig til náms ða vinnu. Edna, Kremena og María eru mæður sem allar hafa ýtt listræna hæfileika sína til að undurheimta vonina og trú á eigin hrifamátt eftir áföll í lífinu.

**Edna Lupita.** Ég kom Íslands frá Mexikó 1998. Ég varð þunglynd yrir nokkrum árum og lagðist í jölfarið á geðdeild LSH. Ég kynntist Hlutverkasetri og tók m.a. þátt leiklistartímum. Sjálfstraustið óx ég öðlaðist kjarkinn áný. Ég hef síðan halddi námskeið í dansi og leiklist og sett upp tvær jólasýningar. Í fyrstu hafði ég enga trú á mér. Ég var hvött til að mæta, fræðast og kynnast fólkini. Ég fékk leyfi til að vera biggjandi og burfti ekki að gefa af mér til að vera samþykkt. Síðan þá hef ég öðlast meiri reynslu og sjálfstraust og fengið ekkifærri til að þróa mínar eigin örðorði bæði í leiklist og dansi. Ítt markmið er að stofna leikhóp sem listamenn og fólk sem kljást við geðraskanir vinna saman. Í dag rækta ég hæfileika mína og sifellt að uppgötva nýja. Ég hef ekki námi frá LHÍ og veit núna að ég er ekki bara góð í dans- og leiklist heldur hef ég uppgötvað að ég líka góð í mannlegum samskipti.

### GEDHEILBRIGDI



Edna Lupita



Kremena Demireva



María Gísladóttir  
f. h. Hlutverkaseturs

um og síðast en ekki síst í listinni að lifa.

**Kremena Demireva.** Fyrir þremur árum datt ég út af vinnumarkaði eftir skilnað og einangraðist í kjölfarið. Eftir innlögn á geðdeild LSH var mér vísað í Hlutverkasetur. Þar kynntist ég fólk sem var í sömu sporum og ég og eignaðist vini. Ég hef alltaf haft áhuga á saumaskap og begar ég uppgötvaði saumavélinna þá fannst mér ég vera komin heim til mömmu í Búlgaríu. Mér var boðið að nýta hana og tók ég því þakksamlega. Ég fékk tækifæri til að hanna og sauma fót. Fólkid, saumavélin og hæfileikar míni hafa hjálpað mér að öðlast tilgang áný. Á konukvöldi sl. vor stóð ég t.d. fyrir tískusýningu. Ég fæ mikil hrós á staðnum og er hvött áfram í því að útfæra nýjar hugmyndir og halda áfram á sömu braut. Í dag er ég komin í hlutastarf að aðstoða aðra sem eru í svipudum sporum og ég var í þegar ég var að brjótast út úr einangrun. Ég kem í Hlutverkasetur til að gleðjast, fá stuðning og kærleik sem er mér nauðsynlegur til að halda áfram að lifa og geta látið gott af mér leiða.

**María Gísladóttir.** Ég hef lengst af búið í Reykjavík en ég hef einnig

→ Hlutverkasetur er starfsenduræfinga- og virknimiðstöð.

Fólk kemur til að auka lífsgæði sín, brjótast út úr

einangrun, halda sér virkum eða undirbúa sig til náms eða vinnu.

búið í Mið-Austurlöndum og Króatíu. Ég hef lifað við ofbeldi og hef glímt við áfallastreituróskun. Um síðastliðin áramót varð ég fyrir enn einu áfallinu og frétti þá af Hlutverkasetri og fór að sækja það reglulega. Þar hef ég fengið stuðning, hvatningu, skilning og traust. Ég hef ekki getað ræktað og hlúð að listrænum hæfileikum mínum fyrr en nú. Ég byrjaði að stunda listsköpun og fljóttlega var ég virkjum í að leiðbeina og halda námskeið í teikningu og fleiri listgreinum í Hlutverkasetri. Síðustu mánuði hef ég einnig liðsinnt gestum Vinjar í myndmennt. Mig dreymir um að nýta hæfileika mína og reynslu enn frekar, læra meira og vinna við listkennslu í framtíðinni. Í haust hélt ég mína fyrstu sýningu í Drekkaslóð og mun vera með á myndlistarsýningu á 10 ára afmæli Hlutverkaseturs næsta ár. Draumurinn er að verða leiðbeinandi í mismunandi listformum sem nýtist fólk sem á við einhvers konar erfiðleika að stríða.